## Sér grefur gröf. Ísraelsríki eyðir sjálfu sér. Drápsiðnaðurinn

Utanríkisstefna Bandaríkjanna er í þágu drápsiðnaðarins, sem fjármagnar stríðshaukana á þinginu, embættismenn og stríðsáróðurshugveitur. Utanríkisstefna Bandaríkjanna er svikamylla, segir bandaríski hagfræðingurinn, Jeffrey Sachs.

Ísrael er að tapa stríðinu á Gaza, segir breski friðarfræðingurinn, Paul Rogers. Ísraelski sagnfræðingurinn, Ilan Pappe, tekur í sama streng. „Við erum vitni að falli Ísraels, heimalandsáætlunar Síonista, síðasta nýlenduríkisins."

En Bandaríkin munu varla láta líftaugina slitna, sbr. orð Nancy Pelosi: „Þegar fólk hefur innt mig eftir því, hvað eftir stæði, væri Capitol (þinghúsið) jafnað við jörðu, hef ég sagt, að það væri skuldbindingin til aðstoðar … reyndar er það ekki aðstoð að kalla .. samvinna okkar við Ísrael. Hún lýsir í grundvallaratriðum, hver við erum."

Franski blaðamaðurinn, Thierry Meyssan, lýsir fæðingu Ísraels og ástandinu hnitmiðað:

„Á nokkurra mánaða tímabili hefur Ísrael, sem fylgt hefur hefðinni, bæði með tilliti til lýðræðis og glæpa, sokkið. Stjórnarskránni hefur verið breytt og forsætisráðherrann skipulagt með samseku Bræðralagi Múhameðstrúarmanna (Muslim Brotherhood) blóðuga átyllu til að þurrka Palestínumenn út.

Upp frá því hefur hin ráðandi stétt í Ísrael týnst í eins konar yfirburðavitfirringu. Hún opnar ekki munninn öðruvísi en að tala um að tortíma Hamas og flytja íbúa Gaza nauðungarflutningum. Við augum blasir þjóðarmorð í beinni útsendingu á félagmiðlum.

Á þessum hugmyndafræðilega grundvelli ólu ísraelskir og evrópskir ráðamenn með sér draum endurskoðunarsíonista, þ.e. fylgismanna hins úkraínska, Vladimir Jabotinski (1880-1940); brottrekstur allra Palestínumanna eða fjöldamorð."

Skynsamir Ísraelsmenn hafa varað við trúarofstækinu. Fræðimaðurinn, Yeshayahu Leibowitz, sagði það feigðarflan að aðgreina ekki ríki og kirkju og hætta hernámi Palestínu. Gyðingdómur myndi að öðrum kosti umbreytast í fasiska trúarhreyfingu. Færi svo „ætti Ísrael ekki tilverurétt og það væri ekki fyrirhafnarinnar virði að varðveita það."

Fyrir ellefu árum síðan spáði Henry Kissinger brotthvarfi Ísraelsríkis innan áratugs eða svo. En þingmaðurinn, Lindsey Graham, sýnir honum fingurinn og segir eins og sumir íslenskir áhugamenn um varnir Ísraels:

“Skjótið á Íran, olíulindir þeirra blasa við augum, höfuðstöðvar byltingarvarliðanna eru auðgreinanlegar úr geimnum; sprengjum þá út af kortinu.”

Þetta er gamall draumur Ísraelsstjórnar. Meira að segja vora yndislegu Úrsúlu dreymir vota drauma um slíka árás. Alla vega er stuðningur hennar við heimsvaldastríð Ísraels og Nató ekki síður óbrigðull og íslensku ríkisstjórnarinnar.

Orð þessa hófstillta gáfumanns, sem gæti hafa kennt í utanríkismálaskóla Kristilega jafnaðarmannaflokksins (þ.e. Sjálfstæðisflokksins), féllu í samtali um ógn þá, er Ísrael og Bandaríkjamönnum stafar af Hútum (Houthi) í Jemen, sem þeir hafa barið á árum saman og beitt fyrir sig Sádí Aröbum.

Kjósendur í Bandaríkjunum virðast í vaxandi mæli taka undir spádóm Henry Kissinger. Helmingur þeirra á aldurbilinu 18 til 24 ára, líta þannig á, að Ísrael skuli leggja niður og færa landið aftur í hendur Palestínumönnum. Það eru fleiri uggvænleg tíðindi fyrir Ísraelsgyðinga. Hér um bil helmingur Bandaríkjamanna undir þrítugu trúa ekki lengur á sjálfa réttlætingararfsögnina um helförina.

Það er í sjálfu sér ekki leyndarmál, að vopnagróðapungarnir í Bandaríkjunum eiga í heitu ástarsambandi við samtök Ísraelsvænna samtaka Gyðinga, þrýstihóps, sem hefur ofurvald í þinginu og stýrir að töluverðu leyti stefnu þess fyrir botni Miðjarðarhafs. Það eru að minnsta kosti tveir forsetar Bandaríkjanna, sem hafa varað við völdum þessa hóps, Jimmy Carter og Richard Nixon. Djúpríkið losaði sig við báða með sitt hvorri aðferðinni. Trúlega er sjálfur Joseph Biden mútukóngurinn á líðandi stundu.

Hútarnir stjórna í raun allri umferð um Súezskurðinn og Rauðahaf. Bandaríkjamenn eru að renna á rassinn með að safna liði til að berja á þeim frekar til að verja lýðræði og frelsi sjáfra sín og Vesturlanda. Því það er líklegt, að eldflaugar Hútanna verði þeim of skeinuhættar. En elskulegar systur okkar í Noregi vilja óðar og uppvægar berjast fyrir lýðræðinu með Bandaríkjamönnum eins og þegar þær eyðilögðu gasleiðslu Rússa og granna sinna í Vestur-Evrópu.

En Hútar sökkva þó ekki stríðsfleyinu Ísrael, eins og bandarískir hershöfðingar og stjórnmálamenn lýsa ríkinu. Ísrael er óspart beitt á grundvelli ruglaðrar trúarútlegginga um ísraelska stórveldið. Bandaríkjamenn og Bretar fóðra Ísraelsmenn á hergögnum. Ætlunin er að slá nokkrar flugur í sama höggi; komast yfir olíulindir á sjárvarbotni í lögsögu Gaza, grafa nýjan skipaskurð gegnum Arabíuskagann og Gaza

með tengingu til Indlands. Þannig skal skapa mótvægi við Beltis- og vegafrumkvæði Kínverja og gera Ísrael  að efnahagslegu stórveldi.

Stríð hefur vitaskuld þann tilgang í sjálfu sér – eins og öll stríð Bandaríkjamanna – að halda vopnaiðnaðinum gangandi. Stríðið gegn Gaza miðar auðvitað einnig að því að styrkja samrunaheimsveldi Bandaríkjamanna og Ísraels í álfunni.

En það eru fleiri en Hútar, sem hafa harma að hefna, hagsmuni, líf og limi að verja. Það hafa líka Sýrlendingar, sem hafa verið sprengdir og skotnir sundur og saman, Líbanar, Írakar og Íranar. Egyptar, sem einnig hafa orðið fyrir þungum búsifjum, eru á báðum áttum. Írakar, Sýrlendingar og Írakar eru enn hersetnir af Bandaríkjamönnum. Þeir hafa, ásamt Libönum (Hesbolla) gert árásir á Ísraelsher og velgt honum undir uggunum.

Ísraelsher fer í raun halloka á öllum vígstöðvum. Yfirburðaherdeild þeirra fór sneypuför til Gaza og varð fyrir miklu mannfalli. Flugskeyti óvinnanna ná svo langt inn í Ísrael, að enginn er þar óhultur. Það gengur á hergagnalager Bandaríkjamann og Breta, sem var orðinn heldur rýr, eftir Úkraínuhernað þeirra. Drápstól Ísraela koma frá þeim fyrst og fremst. Flugskeyti Hamas koma líklega af svörtum markaði, keypt fyrir gjafafé frá Katar, Vesturlöndum og Ísrael. Vafalítið hafa Íranir gaukað að þeim flugskeytum eins og Hútum.

Aftökur Ísraelsmanna á erlendri grundu hafa lengi auðkennt varnarbaráttu þess. Annar háttsettur herforingi Írana hefur fallið fyrir hendi Ísraela. Það vofa yfir þeim hefndir fyrir verknaðinn.

Á meðan stríð geisar fellur bjargarlaust fólk eins og hráviði á yfirborði Gaza. Hermenn þeirra eiga sér eigin borg neðanjarðar. Þetta er siðlaus hráskinnaleikur. Enginn veit um nákvæma tölu fallinna hermanna, en piltar beggja fylkinga hafa fallið í hrönnum. Stjórnvöld hafa talið þeim trú um, að þeir séu óvinir. Ísraelsmenn hafa einnig drepið upp undir tvö hundruð Palestínumenn á Vesturbakkanum.

Ísrael hefur tapað áróðursstríðinu, þrátt fyrir upplýsingavillusérfræðinga sína og fjölmiðla Vesturlanda. Yfirleitt eru ekki orði trúandi, sem frá stríðsaðiljum kemur. En blaðamennirnir hjá Greyzone og fleirum, hafa reynt í rýna í áróðurssortan. Hluti þessa er reyndar staðlaður sríðsáróður, þ.e. flest það, sem sagt eru um morð á börnum og nauðgun kvenna af hálfu Hamas.

Hinn reynslumikli blaðamaður, Jonathan Cook, bendir á, að blaðamenn virði að vettugi trúverðugar heimildir, jafnvel frá ísraelska hernum sjálfum, t.d. þær, að

ísraelskri hermenn hafi sjálfir grandað eigin borgurum og kennt Hamas um. Hann segir:

„Einasta skynsemisniðurstaðan er sú, að fjölmiðlar séu viljugir og virkir þátttakendur í þjóðernishreinsunum og þjóðarmorði á Gaza. Þessir glæpir eru ekki einungis ásetningur Ísraels; þeir eru ásetningur vestræns valdhafaúrvals, sem lítur á Ísrael sem birtingarmynd eigin valds í olíuríku Miðaustri."

Meira að segja ísraelsku dagblöðin Times of Israel og Haaaretz fjalla um svívirðilegt hátterni landtöku- og hermanna Ísraels á Vesturbakkanum.

Svokallað varnarstríð ísraelskra yfirvalda er ekki einungis siðlaust og sorglegt. Það er ekki bara háð gegn Hamas. Það er háð gegn ísraelsku þjóðinni einnig. Vonandi tekst henni að hrista af sér sameiginlegt ok eigin stjórnvalda og Natό. Siðuðum Ísraelum er fyrir löngu ofboðið. T.d. segir hinn skynsami blaðamaður, Gideon Levy, á þessa leið í ísraelska dagblaðinu, Haaretz.

Ósættið við brjálaða Benjamín er reyndar orðið svo magnað, að tilburðir til uppreisna sjást í stjórnkerfinu og hjá einstöku embættismönnum eins og upplýsingaráðherranum, Distel Atbaryan. Réttarkerfið hefur tekið spillingu brjálaða-Bensa til endurnýjaðrar skoðunar.

Herinn ritskoðar fréttir og Benjamin bannar mótmæli til stuðnings íbúum Gaza. Friðarsinni og Gyðingurinn, Meir Baruchin, var fangelsaður fyrir athugasemd um þrjá piltunga, sem ísraelski herinn drap. Þau eru:

„Þeir fæddust undir hervaldi. Þeir bjuggu við það allt sitt líf. Þeir lifðu ekki einn dag í frelsi. Þeir voru teknir af lífi af yndisstrákunum okkar."

Illskuna má ekki lengur dylja í nokkrum áróðri. Jafnvel samúðarhulan, sem ofin er úr fórnarlambshlutverkinu, úrvalshugsuninni, jiddiskum uppruna og helför, dugar ekki lengur til að fela sannleikann.

Hin ísraelska réttlæting (hasbara) er mýrarljós. Hún styðst við sögu, en ekki allan sannleikann. Það ætti að laða fram skömm að segja minna en allan sannleikann. Réttlætingin (hasbara) er skammarleg. Svo mörg voru þau orð.

Það er svo sem ekki kyn, þótt Ísraelar taki til fótanna, 47.000 bara frá því, að síðasta stríð hófst á Gaza. Ein milljón þeirra hefur flutt búferlum til Bandaríkjanna. Straumurinn liggur einnig til Kanada, Ástralíu og Bretlands. Meira að segja taka þeir stefnuna á Þýskaland.

Á jólunum miðjum í stríðsóðum heimi væri ekki úr vegi að hlusta á bandaríska félagsfræðinginn, Edward Curtin:

„Jólin snúast um fæðingu, um fæðingu strákhvolps, sem þroskaðist til manns, sem hlúði að utangarðsmönnum, fátæklingum, ógæfumönnum, ljúflingum og friðmælendum. Í fæðingu hans fólst snupra í garð auðkýfinga og valdsmanna, sem ríktu yfir sakleysingjum, morðingjum [og] gróðafíklunum, sem sanka að sér auðæfum og prjáleignum til þess eins að sýna vald sitt. Þeir eru svo hrifnir af sjálfum sér, að þeir koma ekki auga á eigin, andlegu eymd.“

Óska frumkristilegs árs og friðar.

https://www.youtube.com/watch?v=dlKuQ3r3Mwk&t=45s

https://www.aljazeera.com/news/2023/12/5/netanyahus-corruption-trial-resumes-amid-israeli-war-on-gaza-what-to-know

https://www.mintpressnews.com/spark-lit-fire-untold-story-october-7-attacks/286528/

https://www.globalresearch.ca/biden-america-surrenders-war-criminal-netanyahu/5844576

https://www.globalresearch.ca/biden-america-surrenders-war-criminal-netanyahu/5844576

https://chrishedges.substack.com/p/israels-genocide-betrays-the-holocaust?utm_source=post-email-title&publication_id=778851&post_id=140183849&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://www.aa.com.tr/en/middle-east/israeli-army-settlers-have-killed-more-palestinians-in-west-bank-since-oct-7-than-in-2022/3067197

https://www.nbcnews.com/news/world/israel-west-bank-palestinians-deadliest-year-united-nations-report-rcna54643

https://www.instagram.com/reel/C1InZY_PBGS/?igsh=MTc4MmM1YmI2Ng%3D%3D

https://informationclearinghouse.blog/2023/12/24/former-us-president-jimmy-carter-on-aipac-palestine-and-israel/

https://www.mintpressnews.com/blood-money-top-ten-politicians-taking-most-israel-money-israel-lobby/286491/

https://informationclearinghouse.blog/2023/12/23/netanyahu-wanted-to-collapse-hamas-this-war-could-collapse-israel/

https://www.globalresearch.ca/jesus-gaza-murder-useless-people/5843800

https://www.mintpressnews.com/urinating-prisoners-humiliation-functional-israel-war-palestinians/286504/

https://www.palestinechronicle.com/israeli-forces-executed-dozens-of-elderly-people-in-gaza-euro-med-monitor/

https://www.haaretz.com/israel-news/2023-10-21/ty-article-magazine/.premium/beatings-burns-attempted-sexual-assault-settlers-and-soldiers-abused-palestinians/0000018b-530f-d1d7-ab8b-7f5fca1d0000

https://www.timesofisrael.com/idf-settlers-alleged-to-bind-strip-beat-burn-and-pee-on-palestinians-in-w-bank/

https://www.aljazeera.com/news/2023/11/24/israel-releases-palestinian-women-and-children-prisoners-under-hamas-deal

https://www.youtube.com/watch?v=xRHblDN6NxA r

https://www.globalresearch.ca/us-troops-syria-iraq-colonial-style-occupation-ready-sacrifice-lives-israel-future-middle-east-conflict/5843543

https://en.abna24.com/story/1422079

https://sputnikglobe.com/20231220/pepe-escobar-yemen-ready-to-stare-down-a-new-imperial-coalition-1115695024.html

https://www.globalresearch.ca/mysteries-october-7-trigger-gaza-massacre/5843631

https://geopoliticaleconomy.substack.com/p/gaza-health-ministry-death-toll-accurate-study?utm_source=post-email-title&publication_id=457596&post_id=139908496&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://www.caitlinjohnst.one/p/gaza-is-deliberately-being-made-uninhabitable

https://www.globalpolitics.se/jeffrey-sachs-om-geopolitiska-realiteter/

https://www.voltairenet.org/article220139.html

https://steigan.no/2023/12/jemen-er-klar-til-a-stirre-ned-en-ny-imperiekoalisjon/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/anti-semitism-judaism-zionism-white?utm_source=substack&utm_medium=email&utm_campaign=email-half-post&r=ry8jq

https://steigan.no/2023/12/israel-vil-ha-storkrig-boyer-vesten-nakken/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.voltairenet.org/article220196.html

https://www.urmedium.net/c/presstv/127826https://www.urmedium.net/c/presstv/127826

https://steigan.no/2023/12/norge-inn-i-usas-krig-mot-jemen/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://mearsheimer.substack.com/p/israels-choices

https://www.middleeastmonitor.com/20231218-netanyahu-admits-blocking-establishment-of-palestinian-state/

https://steigan.no/2023/12/israelsk-byradsleder-sier-israel-bor-fa-gaza-til-a-se-ut-som-auschwitz/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.presstv.ir/Detail/2023/12/02/715663/palestine-belongs-indigenous-inhabitants-not-zionist-occupiers

https://steigan.no/2023/12/israelerne-og-deres-bruk-av-dahiya-doktrinen/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/12/usa-forbereder-krig-mot-jemen-og-norge-er-med/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.globalresearch.ca/worst-days-gaza/5843312

https://chrishedges.substack.com/p/the-death-of-israel?utm_source=post-email-title&publication_id=778851&post_id=139865400&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/12/usa-noler-med-a-angripe-jemen/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/12/israels-eliteenhet-golani-brigaden-trekker-seg-fra-gaza-etter-60-dager-med-kamp/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://mail.google.com/mail/u/0/#inbox/FMfcgzGwJJhBGcfkmCkvTBWQJFNZfdfg

https://www.mintpressnews.com/urinating-prisoners-humiliation-functional-israel-war-palestinians/286504/

https://www.middleeasteye.net/opinion/israel-palestine-war-media-ignoring-evidence-actions-7-october

https://steigan.no/2023/12/tjenestemenn-sier-israel-naermer-seg-full-krig-mot-hizbollah/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.globalpolitics.se/halften-av-unga-vuxna-i-usa-stoder-hamas-och-de-flesta-ser-judar-som-fortryckare/

https://www.corbettreport.com/episode-310-rise-of-the-oiligarchs/

https://www.arabnews.com/node/2430651/middle-east

https://www.youtube.com/watch?v=-Qeqqdl5juM

https://www.unz.com/article/the-u-s-navy-is-unprepared-for-a-prolonged-war-with-yemen/

https://infiniteunknown.net/2012/10/05/henry-kissinger-in-10-years-there-will-be-no-more-israel/

https://informationclearinghouse.blog/2023/12/23/israeli-soldiers-knesset-speech-reveals-haunting-aftermath-of-service-in-gaza/

https://matthewehret.substack.com/p/sir-henry-kissinger-midwife-to-new?utm_source=post-email-title&publication_id=260045&post_id=139991340&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://steigan.no/2023/12/krigen-i-gaza-blir-gradvis-til-en-regional-krig/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.timesofisrael.com/war-caught-israeli-rehab-hospitals-unprepared-to-handle-number-of-wounded/

https://www.haaretz.com/opinion/2023-12-28/ty-article-opinion/.premium/theres-no-way-to-explain-the-degree-of-death-and-destruction-in-gaza/0000018c-ace3-d22d-a3dd-bdfb92870000

https://www.newarab.com/news/israel-soldier-shoots-colleagues-after-having-gaza-nightmare

https://www.jonathan-cook.net/blog/2023-12-18/hamas-rape-evidence-genocide/

https://jonathancook.substack.com/p/why-is-the-media-ignoring-evidence

https://steigan.no/2023/12/iran-lover-gjengjeldelse-etter-israels-drap-av-toppgeneral-i-revolusjonsgarden/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://bmanalysis.substack.com/p/the-red-sea-show-i?utm_source=post-email-title&publication_id=1105422&post_id=140035948&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://www.youtube.com/watch?v=_uUUNZHUnX4

https://informationclearinghouse.blog/2023/12/24/the-yemenis-know-the-u-s-is-bluffing-heres-why/

https://www.history.com/topics/ancient-middle-east/masada

https://www.indianpunchline.com/us-war-on-terror-against-houthis-is-smoke-and-mirrors/

https://www.haaretz.com/opinion/2023-12-28/ty-article-opinion/.premium/theres-no-way-to-explain-the-degree-of-death-and-destruction-in-gaza/0000018c-ace3-d22d-a3dd-bdfb92870000

https://www.theguardian.com/commentisfree/2023/dec/21/israel-losing-war-against-hamas-netanyahu-idf